

Vissir þú: að á árinu 2022 var alls um 331 milljónum varið í viðhald skóla.

Vissir þú: að á árinu 2022 var varið um 52 milljónum í að bæta aðgengismál fatlaðra í skólum.

HAFNARFJARÐARBÆR

Skólar

Viðhald fasteigna Ársskýrsla 2022

Vissir þú: að á árinu 2022 var varið um 18 milljónum í að bæta hljóðvist í skólum.

Vissir þú: að á árinu 2022 var varið um 42 milljónum í að laga skólalóðir.

Vissir þú: að á árinu 2022 var varið um 34 milljónum í að bæta loftræstingu í skólum.

Vissir þú: að á árinu 2022 var varið um 20 milljónum í að bæta aðstöðu hjólréiðafólks í skólum.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur.....	6
Engidalsskóli.....	8
Hraunvallaskóli.....	13
Hvaleyrarskóli.....	18
Lækjarskóli.....	21
Lækjarskóli - íþróttahús.....	24
Menntasetrið.....	26
Setbergsskóli.....	29
Setbergsskóli - íþróttahús.....	32
Skarðshlíðarskóli.....	34
Tónkvísl.....	36
Tónlistarskóli.....	38
Víðistaðaskóli.....	40
Víðistaðaskóli - íþróttahús.....	44
Öldutúnsskóli.....	46

INNGANGUR

Skýrslan var unnin haustið 2022 og er samantekt (stöðumat) yfir viðhaldspörf fyrir skólamannvirki Hafnarfjarðarbæjar. Ekki er í stöðumatinu reiknað með verðlags- eða vísitölubreytingum fyrir komandi ár, sem og er ekki gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna skemmda á eignum sem verður til vegna frekari frestunar á viðhaldi.

Gert er ráð fyrir að skýrslan veiti innsýn í viðhaldspörf sveitarfélagssins og verður þannig innlegg til fjárhagsáætlunargerðar fyrir bæinn og undirbúning framkvæmda.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 var áætlað í viðhaldskostnað um 486 milljónir. Af þessum fjármunum voru áætlaðar ca. 146 milljónir til viðhalds skólamannvirkja (ca. 38 % alls fjármagns).

Á árinu 2022 var ráðist í rúmlega 606 viðhaldsverkefni í skólum og voru verkefni af mismunandi stærðargráðum. Um 191 aðilar (verktakar/kennitölur) tengjast viðhaldi skóla og leikskóla á árinu. Megin áhersla varðandi viðhaldsverkefni, hefur legið í verkefnum tengdum lekavandamálum og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefnum. Á árinu 2022 hefur ennfremur verið lögð umtalsverð áhersla á að bæta og laga skólalóðir, bæta aðgengi fatlaðra, bæta loftgæði og hljóðvist svo nokkuð sé nefnt. Ef ekki er hugað að fyrirbyggjandi viðhaldi, sem og ráðast stax í viðgerðir á t.d. lekum, verður kostnaður við einstakar framkvæmdir oft margfalt dýrari en þörf er á. Meðal annars vegna þessa, þarf að taka kostnaðarmat framkvæmda, í skýrslunni, með ákveðnum fyrirvara.

Í skýrslunni eru upptalin brýnustu viðhaldsverkefni fyrir hverja eign. Upptalning verkefna í skýrslunni er ekki tæmandi og afar líklegt

að mörg ný verkefni koma upp í vetur og á komandi ári.

Óvissan í fjárbörf er því umtalsverð vegna framkvæmda á komandi ári. Gróft viðhaldsmat (fjárbörfin) fyrir skólamannvirki, næstu 3 ár, er metin um **1.300 milljónir**. Í þessa upphæð eru tekin stórt viðhaldsverk, s.s. Setbergsskóla og Öldutúnsskóla.

Hægt er að reikna raun viðhaldspörf fyrir allar eignir bæjarins í sögulegu samhengi. Uppsöfnuð viðhaldspörf frá 2008 gæti legið á bilinu 2- 2,5 milljörðum króna fyrir allar eignir bæjarins. Raunbörfin á viðhaldsfé er fundin með að nota 0,85% af fasteignamati

(% sem er í lægri kanti) eignar. Með að uppfæra viðhaldsfé m.t.t. byggingarvísitölu fæst þannig raunbörf á fjármagni í viðhald á ári fyrir eignasafnið. Fjárhagsáætlunir síðastliðinna ára að frádreginni raunbörf auk vísitölu sýnir heildarskortinn á fjármagni í viðhald. Í þeim tölunum er ekki tekið tillit til nýrra eigna sem hafa komið inn síðastliðin ár s.s.

Viðhaldsskipting næsta ár	2023
ÁSLANDSSKÓLI- FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR	1.200.000
ENGIDALSSKÓLI	16.000.000
HRAUNVALLASKÓLI	17.000.000
HVALEYRARSKÓLI	18.000.000
LÆKJARSKÓLI	16.000.000
LÆKJARSKÓLI- ÍPRÓTTAHÚS	4.000.000
MENNTASETRIÐ	9.000.000
SETBERGSSKÓLI	16.000.000
SETBERGSSKÓLI- ÍPRÓTTAHÚS	2.000.000
SKARÐSHLÍÐARSKÓLI	10.000.000
TÓNKVÍSL	3.000.000
TÓNLISTARSKÓLI	6.000.000
VÍÐISTAÐASKÓLI	20.000.000
VÍÐISTAÐASKÓLI- ÍPRÓTTAHÚS	4.000.000
ÖLDUTÚNSSKÓLI	18.000.000
Samtals	160.200.000
<i>Taflan sýnir áætlað fjármagn deilt á einstaka skóla á árinu 2023</i>	



- 2014 bættist við Kaplakriki (fasteignamat viðbót um 2.000 milljónir).
- 2016 bættist við Leikskólinn Bjarkarvellir (fasteignamat viðbót um 650 milljónir).
- 2017 bættist við St. Jósefsspítali.
- 2017 bættist við Suðurgata 14 (Skattstofan).
- 2017 bættist við Keilir.
- 2018 bættist við Gúttó.
- 2018 bættist við Jólaborpið.
- 2018 bættist við Skarðshlíðarskóli og -leikskóli.
- 2019 bættist við stækkun á Hlíðarenda leikskóla
- 2019 bættist við Sólvangur gamli.
- 2019 bættist við Sólvangur nýi.
- 2019 bættist við Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Bogfimifélagið.
- 2020 bættist við stækkun á Hvammi leikskóla
- 2020 bættist við Sveinssafn Krísuvík.
- 2021 bættist við stækkun á Smáralundi leikskóla
- 2021 bættist við stækkun á Öldutúnsskóla dagvistun barna
- 2022 bættist við stækkun á Hraunvalla leikskóla
- 2022 bættist við stækkun á Vesturkot leikskóli
- 2022 bættist við Tækniskólinn Flatahrauni 14.
- 2022 bættist við Sólvangsvegur 3
- 2022 bættist við stækkun á Hamravöllum leikskóla

Í skýrslunni er ákveðið er að vinna út frá þeirri forsendu að það fái um **534** milljónir króna í viðhaldsfé á árinu 2023 fyrir allar eignir bæjarins. Taflan hér að neðan sýnir áætlaða skiptingu þess fjármagns í eignahluta.

Áætlað fjármagn 2023	% skipting	Upphæð í Kr.
Skólar	30,0%	160.200.000
Leikskólar	20,0%	106.800.000
Sundlaugar/íþróttahús	20,0%	106.800.000
Annað húsnæði	15,0%	80.100.000
Ófyrirséð	15,0%	80.100.000
Samtals	100%	534.000.000

Í töflunni sést skipting fjármagns sem fer í viðhald á árinu 2023.

Umtalsverð áhersla er á viðhald skólabygginga á árinu 2023. Í skóla er áætlað að verja, í viðhaldsmál, um 30 % af fjármagninu alls um 160,2 milljónum. Að auki er áætlað að verja einhverju fjármagni í fjárfestingar í skóla og skólalóðir á árinu 2023.

Í skýrslunni er viðhaldsskipting, fyrir árið 2023, unnin í samvinnu við húsumsjónarmenn og skólástjórnendur. Ekki er gert ráð fyrir í viðhaldsáætlun nýjum verkefnum sem upp kunna að koma yfir veturinn. Fyrirhugaðar framkvæmdir og fjármagn geta þannig breyst, innan og milli stofnanna, ef forsendur breytast. Í skýrslunni eru fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2023 merktar með rauðu lettri.

Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur



Heildarviðhaldskostnaður	7 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11011
Heimilisfang	Kríuás 1
Byggingarár	2012
Flatarmál	301 m ²
Fasteignamat	90.000.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er á heildina litið gott en kominn er tími á almennt viðhald. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða m.a. málun á húsnæði og viðhald á KSI velli er á næstu árum áætlaður um **4 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **7 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg.

Utanhúss:

- Laga girðingu á KSI velli
- Laga tröppur við inngang.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
1.200.000	2.900.000	2.900.000

Framkvæmdir 2022.


Á árinu 2022 var varið um 0,4 milljón í viðhald.

- Laga sig á skolplögn undir húsi, einangra lögn
- Mæla og panta gler, 2 rúður brotnar
- Skipta um 2 rúður
- Skipta um niðurfallsrör

Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 1,2 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Komið er að alsherjar viðhaldi á KSI velli. Laga þarf timburþrep á færanlegu stofunum.

Engidalsskóli



Heildarviðhaldskostnaður	54 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11004
Heimilisfang	Breiðvangur 42
Byggingaár	1979
Flatarmál	4790 m ²
Fasteignamat	1.247.300.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er í sæmilegu standi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **15 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **13 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **54 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála þarf víða veggj skólans s.s. myndmenntastofu
- Laga flísar á veggjum á nokkrum salernum í skólanum.
- Stofa 18 mála, laga hljóðvist
- Yfirfara og endurnýja flísar og dúka.
- Skipta um glugga vestan megin
- Loftræsting í kennslustofur áframhald ásamt bæta hljóðvist og lýsingu
- Endurnýja salerni
- Bæta aðgengi fatlaðra/ skipta út hurðabúnaði
- Hússtjórnarkerfi
- Mála þak og laga leka

Utanhúss:

- Sprunguviðgerðir og endurmála steypa fleti á norðurhlið.
- Laga hleðslu við inngang, snjóbræðslu
- Setja upp ruslatunnugerði
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.



Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
16.000.000	19.000.000	19.000.000

Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var um 61,8 milljónum varið í ýmis verkefni í skólanum. Þar af fóru um 15,2 milljónir í bættu loftræstingu, um 5,2 milljónum var veitt í bætt aðgengi fatlaðra, um 3,3 milljónir fór í bættu hljóðvist, um 17,2 milljónir fóru í breytingar á lóð skólans og um 20,9 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Viðgerð á gólfdukk ofl
- Laga lýsingu á gangi niðri, setja upp neyðarljós fara yfir fasta póla. Skipta um tengla í stofu 6, fara yfir útilýsingu á lóð.
- Loftræstisýjur, EcoPleat Eco ePM1 55 490x592x48-F7(1004704), 2 stk
- Skipta um rúðu, útbúa karma og spjöld
- Laga niðurfall og ganga frá hellum
- Vinna við drenlagnir, brunn brunnlok og mynda lagnir
- Vinna við að hreinsa lögn út í skurð og mynda
- Settir upp 47 Kerfislampar 60x60 LED 4100lm á ganga í skólanum, spennir 37W ON/OFF. 10 stk Lampi 30x30 LED, 1 LED Útljós mm
- Laga útslátt á ljósastaurum úti
- Loftræsting verkfræðiþjónusta
- 2 stk nýjar rennihurðir, Álfontar sjálfvirkir til að bæta aðgengi fatlaðra
- Vinna við dælu í klóakbrunni á lóð
- Tollskjalagerð v. hjólagarðis
- Gámaleiga v. Flutnings
- Glerjaðir PVC gluggar 8 stk
- Loka fyrir ofn og mæla nýjan
- Hífa dælu upp úr brunni
- Ástandsskoðun
- Hönnun loftræstingar
- Mæla og panta glugga í kjallara, Setja hjól undir skápa, ná í útsog
- Setja upp nýja móðurklukku á skólann
- Hurðasegulhaldari 24VDC, skipta um og ná í efni
- Sprunguviðgerð á steypu sökkull / epoxy og sprautur
- Frágangur á Brunndælu stýring
- Verkfræðiþjónust Ástandsskoðun
- Loftræstihönnun
- Setja aðgangsstýrikerfi fyrir hurðar
- Viðgerðir á gólfdukk
- Hreing.4 stofur og vega Trend
- Aðgangslesari , stjórnstöð ofl
- Fjarlægja millivegg milli stofa
- Hljóðvist CM BURÐALEIÐARI /24 3600 mm ofl
- Loftræstihönnun
- Laga bilun vegna brunndælu, loftneti lokað
- Glerjaðir gluggar kjallari
- Glerjaðir PVC gluggar A hlið



- Glerjaðir PVC gluggar V hlið
- Undirbúa gluggaskipti og byrja á loftum í kjallara
- Setja í nýja glugga, Setja upp hljóðvistarplötur
- Hljóðvistarefni 196 m² RF TROPIC A 600X600X15
- 36 LED lampar 60x60 dimmanlegir og 12 stk ódimmanlegir mm
- UPPHENGI KLEMMMA 100MM
- Setja upp kerfisloft í stofur
- Loftræsting og háaloft
- Útskipting á brunakerfinu, Forritaði inn rásaheiti og tók saman gögn fyrri stjórnstöð.
- Efni, rör , rörafestingar, söðlar ofl
- Útkall, leki á lögn
- Vinna við snjóbræðslu og ofna
- Setja kerfisloft, múra , laga vegg, kitta glugga og setja áfellur
- Loftræstihönnun
- Malbikun Sleppistæði, Göngustígur
- Brunalokur loftræstikerfi
- Burðarlag í bílastæði
- Skipta um glugga
- Þrif vegna framkvæmda
- Kjarnaborun vegna loftræstingar
- Borgarhellur 30x30x6 gráar
- Mála kjallari undir leikskóla. Vinna vegna breytinga á stofum 6 og 8
- 4 stk Fúgusandur grár 0-2mm 15kg/poki
- 1,2 m² Garðhellur 15x30x6 gráar
- Trjáklippingar
- Kjarnaborun vegna loftræstingar
- Vinna við snjóbræðslu
- Tengja stýringar á rennihurðum og forrita, merkja rásanúmer inn á teikningar
- Loftræsting setja upp loftræstirör í loft
- Breytingar á ljósum í kjallara, endurnýjun á ljósum, taka niður lampa í kennslustofum v. Loftræstingar. Flytja brunaskynjara. Draga vír í töflur, skipta út liðum. Laga vegna götunar í plötu vegna kjarnaborunar. Lagfæringar á brunakerfi og rafmagni
- Malbika stígur við. Sleppistæði
- Loftræsting hönnun/ráðgjöf
- Topvex TR35-R-HWH 1 stk loftræstisamstæða
- Skipta út gluggum og gardínum
- 54 m af steiptum kant við bílastæði
- Stubbataeting
- Skipt um reimar í öllum blásurum í kjallarakerfi
- Skipta út 4 stk handlaugartækjum og laga /skipta um setur á WC
- Unnið við netlagnir í kjallara, Skipt um hausa á ljósastaurum, setja út og neyðarljós í kjallara, setja ljóskastara á vegg á leikskólalóð, stilla skólaklukku. 21 stk af götuljóskerjum með næturdimmingu
- Leggja regnvatnlögn í götu, malbika, skipta um jarðefni undir malbik, tyrping með stíg, setja niður brunna. Sögun á malbiki , laga snjóbræðslu, malbika, fjarlæja gróður, helluleggja mm
- Loftræstihönnun, loftinntök og frákast, kerfismynd teiknuð
- Lappset róla, Rubber seat 210cm /róluseta, Swing Frame high
- Flutningar á hjólagarðum




- Grafa fyrir hjólagerði
- Vinna við hjólagerði
- Pússningasandur - Golsandur 4,5 m³
- Gera klárt fyrir rólu og girðingu
- Jarðvegsframkvæmdir 0-8mm Brotinn sandur - ÍST EN 13242, 0-45mm Burðarlag - ÍST EN 13242
- Vegna girðingarvinnu, Steypa C-25/30-25 mm; úti, v/s<0,55
- City M loftræstitæki
- VS 0-8mm Brotinn sandur - ÍST EN 13242 og VS 0-19mm Reiðstígaefni - ÍST EN 13242
- Gólf undir loftræstikerfi hálofti og þétting á loftræstiopum
- Vinna við girðingu ofl
- Heiniken festinga v. Öryggisgirðinga 30 stk
- VS 0-19mm Reiðstígaefni - ÍST EN 13242
- Vinna við snjóbræðslu og ofna
- Vinna vegna loftræstisamstæðu, loftinntök, frákast og hljóðgildrur
- TÚNPÖKUR 105 m²
- Setja upp lampa í loftræstirými, , Skipta út gömlum út og neyðarljósum, laga útilýsingu á lóð

Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 16 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í texta hér að framan. Að auki er áætlað að verja einhverju fjármagni í fjárfestingar. Helstu fjárfestingaliðir er að bæta loftræstingu í skólanum og útbúa ruslagerði fyrir skólann.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Múrviðgerðir og málun á NV hlið skólans. Skipta þarf út nokkrum gluggum



Mynd. Laga hljóðvist og skipta út gömlum ljósbúnaði og laga loftgæði í kennslustofum.



Mynd. Laga snjóbræðslu, hellulögn og mála ljósastaura

Hraunvallaskóli



Heildarviðhaldskostnaður	80 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11016
Heimilisfang	Drekavellir 9
Byggingarár	2006-2011
Flatarmál	8836 m ²
Fasteignamat	1.958.810.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er að verða nokkuð gott en á árinu var varið um **41 milljónum** í lagfæringar á skólanum. Á næsta ári er reiknað með að verja einhverjum fjárhæðum í áframhaldandi viðgerðir sem tengjast gluggakerfum en veturinn mun leiða í ljós hvernig til tókst. Uppsafnaður kostnaður vegna breytinga og viðgerða á næstu árum er áætlaður um **20 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **20 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **80 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- **Víða þarf að mála innandyra.**
- Slípa og lakka parket á smíðastofu
- Slípa og lakka parket á göngum
- Laga leka með gluggum skv. áætlun
- Laga frárennsli frá ofni í eldhúsi.
- **Yfirfara og laga dúka og flísar.**
- **Laga leka frá niðurfalli sem liggur inni í húsi**

Utanhúss:

- Laga körfuboltavöll eftir flutning á húsum
- Merkja skólann
- Hjólaskýli á skólalóð
- Laga pollamyndun á malbiki og grasi
- **Laga leka með opnanlegum fögum og búrum**
- **Skipta um brotnar flísar utan á húsinu**



Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
17.000.000	31.500.000	31.500.000

Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um **75,9 milljónum** í viðhald á skólanum, þar af fór um **14,7 milljón** í að laga lóð skólans, um **7 milljónir** fór í að laga þakdúk, um **6,9 milljónir** fór í bættu hljóðvist, um **4 milljónir** fór í að laga gluggakerfi og um **16,5 milljónir** í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu. **Að auki** var ráðist í breytingar á Fléttuvöllum 3 fyrir um **26,8 milljónir** á árinu. Húsið var aðlagað að starfsemi fjölgreinaeildar sem var flutt frá Menntasetrinu sumarið 2022.

Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Fjarlægja hleðslugrjót
- Sækja sýjur, laga á lóð
- Malarkeyrsla
- 2 ljóskúplar á skólalóð, Mini Martin 21-52 W 730 NFC L35
- Loftræsting - Rafmagn Uppsetning, tengningar og útdráttur fyrir spjaldlokumótora, brunaúststöðvar, brunalokur ofl.FCLA -128 Brunastöð
- Viðgerð á hurðum, grindum ljósastaurar plattar í gólf
- Vinna forvarnasviðs SLH skv. meðfylgjandi
- 6 stk ljósbúnaður Mini Martin 21-52W 730 NFC L35
- Setja 2 niðurföll við göngustíg
- Ná í hurðar og karma, ísetning á nýjum hurðum ofl
- 8stk innihurðir með harðplasti
- Skipta út stjórnstöð og mótorkokum. CF-MC móðurstöð 10 útgangar 2 stk
- Vegna viðgerðar á þaki leki niðurfall
- Mynda gólfagnir og bora gat í gólf milli röra
- Eldþétt milli hólfa, leggja að reykskynjurum
- Laga athugasemdir v brunamála með Securitas. Skipta um 3 optiska reikskynjara analog ofl
- 100 stk RF KLEMMUR 15-20 MM
- Grófur úrg. frá framkvæmdum, 530 kg þakdúkur
- Þrif Vegna vatnstjóns vegna leka frá þaki
- JLG 460SJ spjót foktjón á þaki
- Leiga JLG 450AJ bómulyfta, 2 stk, foktjón á þaki
- Setja hurðapumpur á 6 hurðar, setja læsingar á hurðar, laga hurð í útistofum
- Fléttuvellir, arkitektavinna
- Foktjón þak, nýr dúkur 340 m2
- Laga leka með gluggum norðanverðu
- Flutningur á þakdrasli v foktjóns
- Setja veggjós á gang. GLSmLED 8W 3k E27, BAZAR mini veggjós E27 40W
- Skipta um bilaða hitanema og forrita þá. CF-RD hitastillir með skjá
- Lappset kastali
- Leiga JLG 1930ES rafm.skæralyfta
- Fléttuvellir arkitekt vinna
- Hljóðvist, ípróttahús, J prófíll hvítur 3050x25x40x13 mmVERTI Q WHITE A 2700X1200X40MM52 m2, Veggfesting fyrir T prófíl, CM BURÐALEIÐARI /24 3600 mm
- Malbikað hringum niðurföll
- Hljóðvistarefni, 104 m2 VERTI Q WHITE A 2700X1200X40MM
- Gluggaviðgerðir



- Setja plötur í íþróttahús, breyta afgreiðsluborði mm
- Akstur með hljóðvistarplötur
- Skipta út nemum í gólfhitakerfi, auka fjölgun rása í brunakerfið, setja upp skynjara og brunaseriur leggja lagnir veggana viðbóta brunakerfis
- BRETTASKINNA HG 8X25MM HEITGALV ofl
- Hellulögn á lóð
- HNOÐ BULB-TITE W4 RAL 9010 100 stk
- Viðgerð á gluggum
- J prófíll hvítur 3050x25x40x13 mm
- Hönnun fjölgreinaeild
- Klæða vegg í íþróttahúsi Hljóðvist
- Hljóðvist íþróttahús Veggfesting fyrir T prófíl
- Útsláttur á grein , skipta um Var
- Bekkur járn
- Tenging á brunalokum, spjaldlokum,
- Kaup á þéttiborðum og plastfestingum frá Danmörku
- Laga brunakerfi
- Viðgerðir á gólfdukk
- Eldvarnarhurðir og þakkantur, Blikksmiður
- Úttektir SLH
- Fara yfir bjöllurásir hvar þær liggja og að skipuleggja viðbótarbjöllur
- Bekkir á lóð
- HANDBOLT/fótbolta net STK. 80/100, NET FYRIR 312544 1X1,5M STK
- Skipt um rúðu
- Leiga JLG 460SJ spjót
- Þak, Efni PVC bætur, blikk ofl
- Fjölgreinaeild Aðaluppdrættir, Samskipti við brunahönnuð
- Laga glugga
- Laga brunamál, skipta um hurðasegla, setja þrýstirofa, sírenur, laga greinatöflu, Waco grindur, spennar Rafhlöður ofl
- Viðgerð á hringstiga flóttaleið úti
- Vinna við varmaskipti
- Lappset róla og setur
- Laga stýrikerfi /stjórnkerfi
- Fléttuvellir vinna smíða breyting á húsnæði
- Laga flísar í íþróttahúsi
- Setja haus á útilýsingu við leikskóla, laga yfirlitsmynd og lagfæra brunakerfi
- Sandur vegna endurnýjunar á kastala
- Fléttuvellir, aftengja brunakerfi, opna og breyta lúguopnun
- Fléttuvellir, rífa niður lagnir og vaska, vinna við ofnalagnir, mynda affall ofl
- Fléttuvellir 3 mynda frárennslisrör frá mælagrind og staðsetja
- Setja niður kastala og 112 m² gúmmíhellulögn
- Galvanhúðun á bekk
- Gúmmíborðar í opnanleg fög
- Brunahönnun , Fléttuvellir
- innbrotakerfi , Fléttuvellir
- Vinna arkitekts
- Mála gömlu tónmenntastofu, nýja tónmenntastofu og geymslu inn af sal



- Reyklúgur og neyðarútgangar, útilýsing við leikskóla settir hausar á staura
- Setja upp inniveggi
- Hljóðvistarefni
- Vinna við að mynda rör í hitaveituharbergi.
- Hljóðvistarefni, RF TROPIC A 600X600X15 184 m²
- RF TROPIC A 600X600X15 hljóðvist 219 m²
- Setja upp milliveggi og fjarlægja gamla veggi
- Skipt um 3 brotnar rúður
- Neyðarrafhlöður og brunastöð
- Teikna brunateikningar setja vasa vegna teikninga á vegg
- Ristar rör ofl, vinna við niðurfall í þvottahúsi
- Leiktæki bekkir og laga KSI völl
- Setja upp innihurðir, og innréttingar, gerefti ofl
- Setja hljóðvist í loft, laga og setja í hurðar, setja upp innréttingar
- Zinkhúðun 2 bekkir
- Hljóðvistarefni 35 m², RF TROPIC A 600X600X15
- Málning leiktæki Flügger 04 Wood Tex Opaque þekjandi stofn 4_2,8 L
- Uppþvottavél 60cm hvít, 2 stk Blástursofn til innbyggingar, Kæliskápur 186cm hvítur, Frystiskápur 85cm, 2 stk Keramik helluborð 60cm
- Laga utanhúss flísar, Fara með gúmmihellur
- Málningarvinna. Nýtt gips, endurmálun, bútar og hurðagöt
- BSI skoðun leiksvæða
- Laga stýrikerfi í skólanum
- Setja upp 32 kerfislampa 60x60 LED 4100lm, Dali dimmanl. Spenna, tengla, töflur ofl efni
- Arkitekt hönnun
- Lækka skolpstút, setja upp hreinlætistæki, tengja vask ofl
- Bilaður hitanemi í leikskóla, nýr mótrolki
- Laga út og neyðarljós
- Setja upp nýjar rafmagnstöflur
- Vinna við innréttingar
- Skipta um lamir á gluggum
- Viðgerð á þakdúk
- Laga hússtjórnarkerfi
- Nýjar spónarplötur í sal og fataklefa
- Málningarvinna vegna lekaviðgerða á skrifstofum
- Bilanagreina, heitt innblástursloft á 1-hæð B álmu
- Losa ljósastaura inni, laga flísar flísaleggja
- Hattar á staura, ryðfríjar festingar, horn vinklar ofl
- Vinna við brunn
- Laga undir girðingu, hellur og pall
- Tengja skynjara og sírenu / Fléttuvellir
- Bilunargreining, útskipti á rafhlöðu, forritun og kennsla, Rafhlöður BigBat 12V/7Ah/ Fléttuvellir
- Flutningur á dóti úr Menntasetrinu/ Fléttuvellir
- Sækja bekki, rampur, smíða bekki
- Uppsetning á glugga, Álvinklar I og festiefni, J&G stormjárn-ryðfrítt
- Jarðvegsvinna undir gróðurhúsi, hellur ofl.
- Steypu og jarðvegsvinna v gróðurhús, uppsteypar ofl.



- Tengja skynjara og sírenu og kennsla á brunakerfið
- Vinna við snjóbræðslu
- Burðarþol þak á skála
- Setja upp yfirlitsmynd v. Brunakerfis, tengja og setja rafmagn út úr húsi inn á staura í porti, setja og grafa niður tvo ljósastaura ásamt lagnir í jörðu. Draga í brunastöð, bæta við relay fyrir pumpur. Setja ljós í eldhús
- Setja upp neyðarljós í smíðastofuna, skipta út neyðarljósum á göngum. Setja ljós í stigahús
- Setja upp hillur og skipta um skrá, Fléttuvellir
- Teiknivinna yfirlitsmynd, Fléttuvellir
- Flísar á hús og pallur
- Bilun í motorlokafyrir íþróttahús, setja hitareglir fyrir 1. hæð D hús, stilla virkni
- Ónýtur mótroloki á loftræsingu fyrir íþróttahús, nýr loki pantaður, Mótor. Regl. 2Nm, 24 VAC, 2-10V m/gormi

Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 17 milljónum í viðhald og aðrar breytingar í skólanum. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Í íþróttasal þarf að skipta út loftplötum



Mynd. Frágangur álkerfis við steipta vegg og glugga er ekki í lagi og veldur lekum innandyrna

Hvaleyrarskóli



Heildarviðhaldskostnaður	78 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11006
Heimilisfang	Akurholt 1
Byggingaár	1990-2005
Flatarmál	6534 m ²
Fasteignarmat	1.570.150.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er í sæmilegu ástandi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **30 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **16 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **78 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarpættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála m.a. myndmenntastofu og kennslustofu.
- Setja kerfisloft í tónmenntastofu
- Laga aðstöðu á kaffistofu
- Laga klósett við inngang
- Skipta um ljósbúnað, setja upp LED ljós
- Setja upp nýja loftræstingu í gang/skólastofu
- Laga útveggi í stofa 25.
- Skipta út hurðum og hurðakörmum
- Skipta út útihurðum og setja upp aðgangsstýrikerfi
- Bæta loftræstingu fyrir kælskápa í ljósrítunarherbergi.
- Yfirfara og endurnýja gólfefni.

Utanhúss:

- Mála þak
- Laga þakkant við stigagang.
- Laga ryð á þaki/mála hluta þaks
- Skipta út leiktækjum á lóð og laga girðingar
- Bæta lýsingu á skólalóð
- Sprunguviðgerðir utanhúss og málun
- Setja bílastæði á lóð næst starfsmannainngangi
- Lagfæra steypuskemmdir á loftræstiháf.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
18.000.000	30.000.000	30.000.000

Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var um **29,6 milljónum** varið í ýmis verkefni í skólanum. Þar af fóru um 4,9 milljónir í bættu hljóðvist, um 0,8 milljónir í bættu loftræstingu, um 6,6 milljónir fóru í breytingar á lóð skólans og um 17,3 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Gúmmíhellur og endurbætur á leiksvæði. Gúmmíhellur 500x500x4,5 redbrown 35 m2
- Grús
- Ganga frá leiksvæði, setja mottur ofl
- Hljóðvist 58 m2, Plötur og efni RF TROPIC A 600X600X15
- Hljóðvistarplötur, kerfisloft 184 m2 RF TROPIC A 600X600X15
- Hljóðvistarplötur 92 m2 RF TROPIC A 600X600X15
- Setja kerfisloft í gang
- Efni kerfisloft 184 m2, RF TROPIC A 600X600X15 loftaefni
- UPPHENGI KLEMMMA 100MM, 200 stk, kerfisloft
- Setja kerfisloft í 4 stofur
- Skipta um ljósbúnað í 5 kennslustofum og á gangi. 88 stk. Lampar LED 60x60 4100lm 830 m dali dimmingu,
- hlið boltar
- Útihurð, rífa frá laga að innan og þétta
- Setja ljós í loft í stofur, útbúa merki neyðarljósa vegna nýskráningar
- Laga karma og skipta um lamir
- Girðingarefni 1,2m hátt RAL 6005, Leikskólahlið 1m x 1,4m m/skilti
- Skipta út girðingu
- Laga loftræstingu í Eldhúsi, túður í eldhúsi virkuðu ekki
- Steypa í girðingarhólka
- Skipta um gólfduk og ýmsar viðgerðir
- Laga niðurfall í stofu 8 og setja ný klósett í stofur 2-4 og 8
- 250 m2 túnpökur
- 45 m2 túnpökur
- Setja saman slitinn streng vegna útilýsingar, skipta um ljós í smíðastofu, 17 stk lampar og efni KX LED lampar 36 W IP54, 2 stk lampar og efni KX LED lampar 20 W IP54 ofl
- Mála stofa 22, 12 og tvö andyri. Mála límtrésbita í loftum og alls 328 m2
- Málning, Flügger 03 Wood Tex Transparent stofn pine 11 P7_9,1 L Lappsett 12
- Flügger 04 Wood Tex Opaque þekjandi svart_3 L
- 1,5 m3 C25/30 XF2 D22 S2 Ae VeggSterk úti
- rífa niður tæki í austurálm
- Setja upp tengla í smíðastofu, Laga út og neyðarljós
- Afrif gólfllísalögn ofl
- Glermæling og pöntun á gleri, skipt um 4 brotnar rúður
- Grafa fyrir hjólaskýli
- Fyllingarefni undir hjólaskýli
- Hellur undir hjólaskýli 51,8 m2
- Sandur ofl undir hjólaskýli, Bæjarkubbur 10x20x6 grár



- Timbur í hjólaskýli, Alhef 45x70 þurrk 12-14% - 420, Vsk borð bandsöguð 20x120 – 420
- Hellulögn
- Setja þak á hjólaskýli
- akstur með efni
- Efni vegna klæðningar
- Flutningar á hjólagerðum
- Mála hjólagerði
- Vinna við sandkassa og hjólagerði
- Skipt um tvær rúður
- Laga útvegg, laga glugga á þaki
- Laga loftræstingu, þakblásari, kíltreimar ofl
- Þaksæti undir blásara, loftræsting
- Mótör í spónsög lagaður
- Sækja hjólagrindur
- Vinna við brunakerfi, laga hurðarpumpur, bæta við skynjurum, skipta um stauralysingu, setja neyðarljós í kjallara, yfirfara tengingar í ljaósastaurum, skipta um öryggi í töflu, neyðarljós endurnýjuð í göngum

Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 18 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga þarf gólfefni víða við innganga. Á mörgum stöðum innandyra þarf að mála vegg.



Mynd. Laga þarf gólfefni s.s. yfirfara suður og laga sprungur í dúkum. Hurðakarmar víða orðnir uppblógnir vegna raka frá ræstingu.

Lækjarskóli



Heildarviðhaldskostnaður	96 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11010
Heimilisfang	Sólvangsvegur 4
Byggingaár	2003
Flatarmál	6578 m ²
Fasteignarmat	2.609.850.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er í ágætis standi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **18 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **26 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **96 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála skólann í áföngum
- **Skipta út eða laga hússtjórnarkerfi (iðntölvu), sem er farin að bila.**
- Lökkun á innréttingum
- Slípa og lakka parket á stigagöngum, tröppum og handlistum.
- Mála smíðastofu og olíu bera hefilbekki
- Skipta út rofastýringum í nokkrum stofum
- Skipta út hreyfiskynjurum sem eru ónýtir
- **Loftræstikerfi bilaðir mótrolkar sem þarf að endurnýja**
- **Laga dælu í dælubrunni**
- **Leki á gulagangi með glugga**
- **Laga flóttahurð í norðurenda og leka með henni**
- **Skipta um hluta af ónýtum gluggamótorum**

Utanhúss:

- **Skoða lausnir varðandi rennur og niðurföll, vandamál í frosti og spurning um að setja hitakapal.**
- **Lækka niðurföll á skólalóð**
- **Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.**
- Útiljós hleðsluveggir

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
16.000.000	40.00.000	40.00.000

Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var um **20 milljónum** varið í ýmis verkefni í skólanum. Þar af fóru um 0,6 milljónir fóru í viðhald á lóð skólans, um 10,7 milljónir fóru í aðgengismál fyrir fatlaða og um 8,7 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Loftræstisýjur, HFGX-F7-592/592/640-10-25 (1013139), 16 stk. HFGX-F7-490/592/640-8-25, 2 stk. HFGX-F7-287/592/640-5-25 (1013146), 3 stk. HFGX-F7-592/287/640-10-25 (1013218), 8 stk. HFGX-F7-287/287/640-5-25 (1013151), 2 stk.
- JLG 340AJ Zspjót
- Leiga JLG 450AJ bómulyfta
- leggja að setja upp síuvaka á samstæðum í kjallara.
- bilunargreina þrýstifall yfir síur
- Viðgerð á þaki yfir matsal
- Straumf. 48 stk. 18/26/32/42W TC-DEL
- fyrir vegasalt UMBRACO M8x40 12.9 SH, 20 stk
- Leiga JLG 460SJ spjót
- Neyðarljósaúttekt
- Leki á þaki og laga leka með gluggum
- reim fyrir loftræstikerfi, 950X10 AVX REIM
- Laga grjóthleðslu
- Flísaviðgerðir
- Glugga og lekaviðgerðir
- Trjáklippingar
- SKINNA M8x24x2,0 HG BRETТА, BOLTI M8x150 8.8 RG 931
- Mála stofu D-206
- Aðalinngangur , Rennihurð, C - álma rennihurð og D álma rennihurð, auk þess Einföld álhurð 1055x2426
- Málun á timburklæðningu utan á skólanum
- laga gluggamótora, viðgerð og útskipti á móturum, Gluggamótor Sintesi 230 V silfur 40313C. Setja upp hreyfiskynjara 1,1 m komfort svart. E2 rammi 1-F svart
- Fara yfir lagnir að nýjum aðgangsstýringum á útihurðum
- taka afrit af ATS aðgangskerfinu. Byrjað að stofna stjórneiningar og forrita inn rásir samkvæmt gögnum úr gamla kerfi.
- Skipt um brotna rúðu
- Ísetning á rafmagnsslúttjárnnum kjallara ofl
- Nýjar aðgangsstýringar fyrir rennihurðar
- Skipta um stjórnstöð og bæta aðgangskerfi s.s. Setja upp aðganglesara Smart með og án talnaborðs, Hruðaeiningar fyrir 4 hurðar
- Laga KSI völl
- Skipta út gömlum lesurum og bæta við nýjum til að stýra rennihurðum
- Vinna á leiksvæði
- Yfirferð á gömlu hússtjórnarkerfi vegna útskipta


Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 16 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í texta hér að framan. Stærsta verkefni næsta árs verður að skipta út hússtjórnarkerfi í skólanum.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Hurð orðin léleg á útigeymslu Bæta þarf aðgengi fatlaðra og setja rafmagnsopnanir á útihurðar.



Mynd. Mála þarf víða veggj og laga eftir rakaskemdir. Ljósúnaður í loftum orðinn lélegur þarf að fara að skipta honum út

Lækjarskóli - íþróttahús



Heildarviðhaldskostnaður	19,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11010
Heimilisfang	Sólvangsvegur 4
Byggingaár	2005
Flatarmál	1639 m ²
Fasteignarmat	148.550.000
Tegund húsnæðis	Íþróttahús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er gott. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **15 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **19,5 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggj og glugga.
- Laga og mála hurðar í íþróttasal og í búningsklefa drengja.
- Laga innstreymi vatns í kjallara sem verður ef rafmagn slær út
- Loftræsting í kjallara
- Laga/skipta út hússtjórnarkerfi
- Gera við skemmd í gólfi í sundlaugarkjallara
- Skoða klæðningu á Íþróttahúsi að utan búið að skemma, plötur eru til
- Setja nýjan heitapott

Utanhúss:

- Laga leka í andyri

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
4.000.000	7.500.000	8.000.000

Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 1 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Pallavinna við ljós í íþróttasal, setja hlífar yfir neyðarljós
- Bæta við síuvaka við loftræstingu í íþróttahúsi,
- Saga af tröppum í íþróttahúsi
- Sundlaug, hitastýring TM65i 150 mm, brunnur SS TH-VA 150 mm TH-VA 150 mm
- Bakskolunarloki
- FLOTROFI KS4 10M M. PVC 2 stk
- 25x52x20.6 skákúlulega tvöföld, 30X72X19 VELTILEGA SKF SP
- Laga flotrofa
- Stöðustillir 24V AC/DC 0-10 V 200N 75sek 5,5mm
- Laga kýrauga , leki
- Mála tréverk utan á húsi

Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 4 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Hurðir innanhúss eru margar orðnar lélegar. Girðingar hringum lóð orðnar lélegar.



Mynd. Niðurföll standa víða upp úr malbiki.

Menntasetrið



Heildarviðhaldskostnaður	73 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11001
Heimilisfang	Skólabraut 3
Byggingarár	1924-1926
Flatarmál	2108 m ²
Fasteignamat	549.750.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

